

Komið þið sæl öll sömul og takk fyrir að taka á móti erindi mínu.

Eins og flestir vita stendur til að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu (gistingu) úr 11% í 24% mitt ár 2018.

Mig langar í fullri einlægni koma með mína sýn á þessa fyrirætlun og vona að sú sýn verði tekin til umhugsunar áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur verið rekin í mörg ár á Íslandi þó í mun smærri mynd fyrr á árum og þótt ég sé ekki gamall (51) man ég tímann tvenna og get vonandi miðlað af minni reynslu til ykkar er ákvörðunarvaldið hafið.

Ég byrjaði í ferðaþjónustu ásamt eiginkonu minni árið 2004 við þjóðveg nr 1 á býli rétt austan við Selfoss. Ekki gekk prautarlaust að fá lánsfjármagn til kaupanna og fékk ég meðal annars synjun frá Byggðastofnun (sem þá var með ferðaþjónustuna á sinni könnu) með þeim orðum að stofnunin hefði ekki trú á ferðaþjónustu á suðurlandi. Það fór þó svo að aðrir óskildari aðilar höfðu trú á mér og minni fjölskyldu frekar en ferðaþjónustunni sérstaklega og veittu okkur lán til kaupanna. Fyrstu árin voru erfið. Við sáum fljótt að við þurftum bæði að vinna með gistipjónustunni til að endar næðu saman (Byggðastofnun var líklega ekki svo vitlaus eftir allt saman) en við erum þannig gerðar að við brettum upp ermar og gerum það sem þarf til að komast í gegnum hlutina... Við vorum því bæði hjónin komin í fulla vinnu samhliða ferðaþjónustunni og með hjálp tengdamóður og börnum tókst á einhvern hátt að sinna öllu á þeim 24 tímum sem einn sólarhringur gefur manni. Á þessum tíma var VSK á ferðaþjónustu 14%... Ég ætla ekki að lýsa því hversu mikill munur það var þegar VSK fór niður í 7%.. Ég viðurkenni það hér með að vissulega var verið ekki lækkað sem þessu nam eins og til stóð en því miður þá stóð reksturinn bara ekki undir því verði sem við gátum boðið upp á þá stundina. Fyrstu árin var lítið sem ekkert að gera allan veturinn en gusan kom um miðjan júní og stóð ballið fram í endan ágúst. Það gefur auðvitað augaleið að 3ja mánaða rekstur ber ekki upp fjölskyldur hvað þá dýra gistieiningu með öllu því sem henni tilheyrir. Eftir hrun breyttist margt. Krónan féll og allt í einu jókst áhuginn á Íslandi gríðarlega mikið. Margir þakka gosinu og auglýsingaherferðinni í kjölfarið en það sem mér finnst að hafi skipt mestu máli var að verið lækkaði stórlega í erlendri mynt og verið á flugi lækkaði líka mikið. Ég dreg þessa ályktun af samtölum mínum við erlenda gesti sem ég gjarnan spjalla við. Á síðustu 2 árum hefur orðið stökkbreyting í nýtingu yfir vetrartímann. Verð var og er enn að vísu lágt á gistingu yfir vetrartímann enda vissum við ekki og vitum varla hvar þolmörkin eru og þökkum fyrir alla þá gesti sem koma.. Gallinn við það fyrirkomulag er að það er ekkert vetrarkaup í gangi og enginn vetrarafsláttur á fasteignagjöldum þótt við séum með sérstakt afsláttarverð yfir veturinn. Við vorum því fegin þegar veturinn gat amk greitt fastan kostnað og algjört lágmarkslaun til okkar. Það er fyrst nú í vetur sem við höfum getað boðið starfsfólki vinnu allt árið og þurfum ekki að segja við það á haustin...jæja nú er tímabilið búið.... sjáumst við ekki aftur í vor ? Það að geta boðið fólkinu sínu vinnu allt árið um kring er æðisleg tilfinning. Ég veit að í kringum ykkar vinnustað á Alþingi sjáið þið ferðamenn alla daga ársins og þið haldið sjálfsgað að svona hljóti þetta að vera úti um allt land líka en svo er alls ekki. Ég er viss um að mjög víða er fólk í sömu stöðu og við vorum 2004 með vinnu í 3 mánuði á ári bíðandi og vonandi að þessi frábæri vöxtur skili sér til þeirra eins og hann hefur gert kringum stór Reykjavíkur svæðið. Við erum í kjör aðstæðum til að það geti gerst en við verðum að átta okkur á að verið skiptir máli og í samkeppni skiptir máli hvort vsk sé 11% eða 24%. Það mun ekki minnka álagið á perlur suðurlands að hækka verð... þvert á móti mun álagið þar væntanlega aukast þar sem fólk mun stytta ferðalagið og fara síður lengra frá RVK. Við ykkur vil ég segja.. Ábyrgð ykkar er mikil. Ferðaþjónusta er grein sem stuðlar að fjölbreyttu samfélagi út um allt land og án landsbyggðarinnar er ekkert land. Það er ekkert annað sem kemur í staðinn sem skapar þjóðinni jafn miklar gjaldeyrstekjur.

Með vinsemd og virðingu,
Ólafur E. Guðmundsson